



Reykjavík, 23. október 2012

Alþingi – Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurvelli
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Hagstofu Íslands um Frumvarp til upplýsingalaga (Þskj. 223 - 215. mál, fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013)

Hagstofa Íslands óskar eftir því að bætt verði inn í umrætt lagafrumvarp ákvæði um að gögn sem aflað er vegna opinberrar hagskýrslugerðar verði undanskilin upplýsingaskyldu. Lög þau sem Hagstofu Íslands starfar eftir og varða trúnað og þagmælsku hafa að geyma ákvæði sem tryggja að frá stofnuninni (og öðrum aðilum sem annast opinbera hagskýrslugerð) berist engin gögn sem rekja má til tiltekinna einstaklinga eða lögaðila. Þessi ákvæði eru annars vegar í 10. gr. og 11. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og hins vegar í 19. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fyrsta málsgrein 10. gr. laga nr. 163/2007 orðast svo: „Þagnarskylda ríkir um allar upplýsingar sem Hagstofan safnar til hagskýrslugerðar og snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila. Slíkar upplýsingar teljast trúnaðargögn og skulu einvörðungu notaðar til hagskýrslugerðar.“ í 11. gr. sömu laga er fjallað um trúnað og þagmælsku starfsfólks Hagstofunnar.

Fyrsta málsgrein 19. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga hljóðar svo: „Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. [Upplýsingaréttur hins skráða] nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsóknna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.“

Enda þótt Hagstofa Íslands telji ofangreind ákvæði laga nr. 163/2007 og laga nr. 77/2000 vera fullnægjandi vegna starfsemi sinnar telur stofnunin nauðsynlegt að sambærilegar undanþágur komi skýrt fram í upplýsingalögum. Með því móti má tryggja að upplýsingalögin gefi sem gleggsta yfirsýn um rétt einstaklinga til upplýsinga án þess að stangast á við ákvæði annarra laga. Þar sem upplýsingalög verða yngri en þau ákvæði laga sem vísað er til að framan getur skapast lagaleg óvissa sem gæti komið til kasta kærunefnda og dómstóla að greiða úr. Er því nauðsynlegt að vilji löggjafans sé skýr að þessu leyti.

Loks er bent á að samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist er kveðið á um trúnaðarskyldu er varðar gögn sem aflað er til hagskýrslugerðar.

Því leggur Hagstofan til að fellt verði inn í 6. gr. frumvarpsins ákvæði, undir sérstökum tölulið, sem tilgreini undanþágu frá upplýsingaskyldu vegna opinberrar hagskýrslustarfsemi og sé efnislega í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 og laga nr. 163/2007.

Setja mætti inn nýjan tölulið, nr. 7, í 6. gr. lagafrumvarpsins sem gæti hljóðað svo:

„7. gagna sem aflað er vegna opinberrar hagskýrslugerðar.“

Hagstofa Íslands er reiðubúin að veita frekari upplýsingar um ofangreinda málaleitan hvenær sem Alþingi óskar þess.

Virðingarfyllt

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri